Hafnarfjarðarbær
Innk: 28/10 2016
Málsnr: 1610428
Bréfal: 511

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

Garðabæ, 26. október 2016
Málsnr. 1302243

**Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Forkynning. Beiðni um umsögn.**

Þann 20. október sl samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar að vísa tillögu að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 til forkynningar í samræmi við 2.mgr.30.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Hér með er óskað eftir umsögn Hafnarfjarðarkaupstaðar um tillöguna. Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar á eftirfarandi slóð:
http://www.gardabaer.is/forsida/skipulagsmal/skipulagsmal/2016/10/24/Forkynning-a-tillogu-ad-Adalskipulagi-Gardabaejar-2016-2030/

Erindi þetta er einnig sent með tölvupósti og með tillöguna í viðhengi á pdf formi. Ef óskað er eftir því að fá tillöguna útprentaða þá vinsamlegast hafið samband við Önnu Maríu Guðmundsdóttur annamg@gardabaer.is .

Óskað er eftir því að umsögn berist fyrir 22.nóvember 2016. Erindi skal stíla á Skipulagsstjóra Garðabæjar, Garðatorgi 7, 220 Garðabæ. Einnig er hægt er að senda umsögn í tölvupósti til skipulagsstjóra í netfang arinbjorn@gardabaer.is

Forkynning tillögunnar stendur til 21. nóvember og boðað er til borgarafundar miðvikudaginn 2. nóvember nk þar sem tillagan verður kynnt. Fundurinn er haldinn í Flataskóla og hefst klukkan 16:30. Allir eru velkomnir til fundarins.

Með erindi þessu fylgir kynningarbæklingur sem dreift hefur verið í öll heimili í Garðabæ.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson,
skipulagsstjóri.